

Fundur í skólaráði 01.11.2022

Mættir: Ásta Laufey fulltrúi foreldra, Björn og Soffía W fulltrúar kennara, Sigbór, Sigrún Helga, Ólafur, Martyna og Ragnhildur fulltrúar nemenda, Arna Björk fulltrúi grenndarsamfélags, Maríanna fulltrúi almennra starfsmanna og Magnea skólastjóri.

Rætt við nemendur og óskað eftir þeirra skoðunum á skólastarfinu. Í stuttu máli segja þeir líðan góða, eru sáttir við skólann og vilja engu breyta að svo stöddu.

Nefna þó að þeir vilji sjá fjölbreyttara val á föstudögum, eru ánægðir með valbrautir sem boðið er upp á í fjögurra tíma vali. Það verður tekið til skoðunar fyrir næsta vetur en jafnframt bent á að valgreinar þurfa að fylgja ákveðnum ramma aðalnámskrár og huga þarf að tímamagni.

Magnea kynnir pening sem Kópavogsbær hefur úthlutað til nemenda, 1000 kr á hvern nemanda auk þess sem 10. bekkingar síðasta árs gáfu 150.000 kr sem eiga að renna til skólans í þágu unglíngadeildar. Til stengur að skipta peningi frá Kópavogsbæ þannig að þau þrjú ráð sem starfandi eru innan skólans fá að koma með hugmyndir að því hvernig þau vilja ráðstafa upphæðinni.

Samþykkt er tilfærsla á starfsdegi á skóladagatali vegna fyrirhugaðrar skólaheimsóknar starfsfólks til Portúgal um vorið. Breytingatillaga á skóladagatali er í framhaldi send til samþykktar hjá menntaráði.

Fundi slitið

Brynjar Ólafsson ritar fundargerð